

## Athugasemdir vegna frumvarps til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Athugasemdir er snúa að frumvarpi til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála.

Það eru fjórir punktar sem ég hnaut sérstaklega um og vil draga fram.

1. Heimildir til gagnasöfnunar og hvaða gagna skuli safnað.
2. Samræmdu könnunarprófin og breytingar á 39. Grein grunnskólalaga.
3. Hvernig er staðið að uppsögnum starfsfólks.
4. Undirbúningur breytingarferlis.

### *Heimildir til gagnasöfnunar*

Lítið er fjallað um námsmat almennt í lögnum, heimildum til að safna gögnum út frá námsmati. Einn af grunnnum þrepaskipts stuðnings er námsmat, að geta staðsett og fylgt eftir nemanda í námi, bæði árangri og framförum.

Mikið er talað um að þetta ferli eigi að vera gagnadrifið, en skortir almennilega samantekt á hvaða gögnum eigi að safna, hvaða gögnum megi safna.

### *Vegna breytinga á 39. gr í lögum um Grunnskóla*

Þrátt fyrir miklar breytingar á ýmsum lögum eru ekki gerðar breytingar á lögum um Samræmd könnunarpróf (39. gr í lögum um grunnskóla nr. 91/2008), sem gerir það að verkum að frá 1. Janúar 2025 er enn skilda að leggja fyrir samræmd könnunarpróf með þeim kvöðum sem því fylgja. Fyrirlögn fyrir alla nemendur, í ákveðnum bekkjum, með undanþáguheimildum sem foreldrar þurfa að sækja um. Auk þess sem prófin ganga enn undir nafninu samræmd könnunarpróf.

Á sama tíma er talað um breytingar, um Matsferil, um annað fyrirkomulag.

Æskilegt væri að breyta lögum um samræmd könnunarpróf, bæði til að samræmast markmiðum með þrepaskiptum stuðning og matsferils, en einnig til að vera áþekk evrópskum lögum þar sem aukinn sveigjanleiki kemur inn í námsmat. Í mörgum evrópskum lögum er yfirleitt aðeins sagt að samræmt námsmat eigi að vera og nánari útfærslur séu í reglugerðum (sem gerði möguleika á að aðlaga sig að aðstæðum, eins og Covid, sem var ekki hægt hér á landi, eða bregðast hratt við breyttum aðstæðum).

Í greinagerð er tekið fram að þessu verði breytt seinna, en það má ekki mikið bera út af til að hindra að þær breytingar gangi í gegn og þá eru samræmdu könnunarprófin aftur komin í borðið.

Ef þetta á að breytast seinna væri æskilegt að hagaðilar séu almennilega upplýstir um það, en ekki að hugmyndir séu ekki ræddar bak við luktur dyr án þess að þeir sem vinna að þessu, nýta þetta og taka þessi próf hafi nokkra hugmynd um málavexti.

### *Uppsagnir*

Gífurlegur fjöldi stofanna hefur verið sameinaður eða lagður niður seinustu árin. Í lang flestum tilvikum hefur starfsfólki verið haldið til að viðhalda sérfræði þekkingu.

Í þeim fáu tilvikum sem starfsfólki hefur verið sagt upp án þess að vera boðið áframhaldandi starf hefur uppsagnafrestur hafist þegar stofnun er lögð niður.

Í núverandi áætlun á starfsfólk að vinna uppsagnafrestinn og veit ekki hvort það fái áframhaldandi starf fyrir en langt er liðið á uppsagnarfrestinn. Neikvæð áhrif að þeirri nálgun eru:

- Verið að refsa þeim sem ætla að freista þess að fá starfið áfram, þau taka meiri áhættu en þeir starfsmenn sem hyggjast ekki starfa hjá nýrri stofnun..
- Dregur frekar upp þá mynd af hugmyndum Mennta- og barnamálaráðuneytinu að tilgangur er að losna við fólk.
- Eykur líkur á flótta starfsmanna fyrir í ferlinu.
- Eykur líkur á óvelvild starfsfólks sem flest á eftir að starfa áfram í menntageiranum gagnvart ráðuneyti og nýrri stofnun
- Dregur úr trausti á nýja stofnun, því það er ekkert sem ver fólk frá því að þetta sé gert aftur.

Yfir 30 stofnanir hafa verið lagðar niður og starfsfólki boðið starf áfram. Í þeim fáu tilvikum sem starfsfólki hefur verið sagt án þess að vera boðið áframhaldandi starf hefur því verið sagt upp og uppsagnarfrestur hefur hafist þegar stofnun er lögð niður.

Svo ég viti hefur aldrei verið stigið svo harkalega til jarðar, fólk refsað svo harkalega að það veit ekki hvort það hafi áframhaldandi starf fyrir en rétt áður en uppsagnar frestur þeirra líkur, og með því er þeim dyggu, þeim áhugasömu refsað því þeir hafa ekki flúið enn.

Má spyrja sig hvort þessi harða aðgerð, sem almennt er ekki tekin og er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, samræmist 12. Grein Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um Meðalhófsregluna, en þar er ritað: Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Undirstrikun er frá mér.

Frá ráðuneyti hefur þegar komið eftirfarandi útskýring:

*Sú áherslubreyting sem felast mun í því að stofnunin verði þjónustustofnun en ekki stjórnsýslustofnun mun breyta í verulegum atriðum daglegum störfum starfsmanna*

Á sama tíma er stór hluti verkefna að færast, að því virðist, óbreyttur yfir í nýja stofnun og þar að nefna Námsmat og Námsútgáfa.


### *Undirbúningur breytingarferlis*

Það er augljóst, að þegar starf forstjóra menntamálastofnunnar var auglýst átti stofnunin að vera áfram.

Sú breyting á sér þó stað frá auglýsingu til ráðningar að ákveðið er að leggja stofnunina af og búa til nýja. Það eru ákvarðanir sem eru teknar á mjög stuttu tímabili.

Engar formlegar tíma-, framkæmda- eða kostnaðaráætlanir hafa verið lagðar fram. Sem er einmitt sú gagnrýni sem kom á sameiningu St. Jósefsspítala og Sólvangs í Skýrslu Ríkisendurskoðanda 2007. Og nú er sá leikur endurtekinn.

Orðræðan um óráðssíu hins opinbera er hávær, og virðist vera viðhaldið í þessum leik þar sem ætt er af stað með alltof litlum undirbúning út í óskilgreindar aðstæður, eða áætlanir eru hreint ekki upp á borðum né aðgengilegar fyrir hagaðila.

  
Núi Kristinsson